



Ársskýrsla Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ 2014 - 2015



Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Fylgt úr hlaði

Á hverju vori er vert að líta yfir farinn veg og draga saman það sem hæst bar í starfsemi skólans. Ársskýrslu skólans skólaárið 2014-2015 er ætlað að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem einkennir skólann og gefa yfirlit yfir hagnýt mál er snúa að daglegu starfi hans.

Skólastarfið í máli og tölum

Tólfta skólaár Barnaskólans var sett í skólanum á hverjum kjarna fyrir sig í rólegu og notalegu umhverfi með kennurum og stjórnendum mánudaginn 25. ágúst. Samkvæmt skóladagatali voru skóladagar (kennsludagar) barna 180 og þá er um heila skóladaga að ræða því engir skertir skóladagar eru í starfseminni. Fimm ára börnin mættu þó örlítið fyrr, mánudaginn 20. ágúst. Foreldraviðtöl voru haldin tvisvar á skólaárinu, laugardaginn 1. nóvember og laugardaginn 28. febrúar en þá mæta börn í hús með foreldrum sínum og hitta kennarann sinn þar sem farið er saman yfir framvindu skólastarfsins. Jólaleyfi hófst 22. desember og kennsla hófst að nýju mánudaginn 5. janúar. Vetrarleyfi var í febrúar eins og venja er dagana 10.-13. febrúar og páskaleyfi stóð frá 30. mars til og með 6. apríl. Skipulagsdagar kennara voru fimm á skólaárinu. Þeir voru 12. september, 27. október, 2. janúar, 9. febrúar og 15. maí. Skóli Hjallastefnunnar á Vífilstöðum starfar í tveimur sjálfstæðum einingum, Barnaskóla Hjallastefnunnar fyrir 5 til 9 ára börn og Vífilsskóla fyrir 10 til 12 ára börn. Þessi ársskýrsla fer yfir starfsemi Barnaskólans.

Skóladagurinn og skipulag

Skólastarf í vetur hófst kl. 8:45 og lauk kennslu kl. 14:15. Þá tók við síðdegisstarf fyrir þau börn sem það kusu. Skólinn var eftir sem áður opnaður kl. 7:45 alla morgna og kennarar komnir á starfsstöðvar milli kl. 8:00 og 8:30.

Börnum stóð til boða að fá morgunverð í skólanum frá því að skólinn opnaði og fram að skólabyrjun. Fimm ára börn eru leikskólabörn en skóladagurinn þeirra byggir þó á sama grunni og hjá eldri börnunum en leikskólastarf hélt áfram eftir að hefðbundnu skólastarfi lauk kl. 14:15.

Dagskrá og tímaskipulag	
07:45	Barnaskólinn opnaður - morgunstund
08:00	Fyrsti skólabíll frá Ásum
08:45	Kennsla hefst - hópatími
10:45	Ávaxtahressing og valfundur
11:00	Valtími inni / úti
12:00	Hádegisverður og næðisstund
12:30	Hópatími
14:15	Grunnskóladegi lýkur
14:30	Síðdegisstund
14:40	Fyrsti skólabíll frá Barnaskólanum
14:45	Nónhressing á kjörnum
16:30	Síðasti skólabíll frá BSK
17:00	Barnaskólanum lokað

Nemendur

Skólaárið 2014-2015 voru 180 börn skráð í nám við Barnaskólann á vormánuðum. Í hverjum árgangi eru tveir kjarnar og er raðað í þá eftir kyni, í vetur voru því 10 kjarnar í skólanum. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir kjarnana, fjölda barna á hverjum kjarna og nöfn þeirra sem fóru með ábyrgð á kjarnanum, héldu utan um daglegt starf kjarnans sem og að sinna foreldrasamstarfi.

Yfirlit yfir kjarna, fjölda drengja, stúlkna og kjarnastarfsfólk

Aldur	♀	♂	Alls	Umsjónarkennari
5 ára	24	28	52	Fatima Hossani Heiða Viðarsdóttir Helga Hjarðardóttir Hilmar Örn Þorkelsson Sigurbjörg Vilmundardóttir
6 ára	13	21	34	Hrefna Björk Sigvaldadóttir Helga Kristjánsdóttir Ólöf Björnsdóttir Inga Vala Jónsdóttir Svava Magdalega Edda Rósa Gunnarsdóttir
7 ára	17	14	31	Hildur Björk Guðmundsdóttir Hildur Björg Jónsdóttir Rakel Lúðvíksdóttir

8 ára	11	13	24	Elín Ormslev Sigurlaug Jóhanna Stefánsdóttir Kristín Rúnarsdóttir Margrét Lilja Guðmundsdóttir
9 ára	18	21	39	Eva Lind Ingadóttir Júlía Heiða Ocares Sif Beckers Gunnsteinsdóttir Sigríður Ósk Reynaldsdóttir
Samtals	83	97	180	

Fjöldatölur miðað við búsetu

Eins og fram kemur hér að ofan voru á vordögum skráð 180 börn í nám við skólann. Þar af voru 97,2% þessara barna með búsetu í Garðabæ og 5 bjuggu í Kópavogi. Hér fyrir neðan má sjá nánari niðurröðun eftir kyni barna og búsetu.

	Samtals	Garðabæ	Hafnarfjörður	Kópavogur	Reykjavík	Reykjanesb.
5 stúlkur	28	28				
5 drengir	24	23		1		
6 stúlkur	21	20		1		
6 drengir	13	13				
7 stúlkur	14	14				
7 drengir	17	17				
8 stúlkur	11	10		1		
8 drengir	13	13				
9 stúlkur	18	17		1		
9 drengir	21	20		1		

Starfsfólk og starfsmannamál

Tíu grunnskólakennarar í 4 árgöngum sáu um kennslu grunnskólabarna en þar eru sérkennari, íþróttakennari og listakennari. Þrír af þessum kennurum eru einnig leikskólakennarar, þá voru einn leikskólakennari og einn grunnskólakennari sem sáu um starf með 5 ára börnum. Til að auðga enn frekar á kennsluhætti okkar eru sjö aðrir starfsmenn með annars konar menntun. Tólmundastarf í Frístundaskólanum var á ábyrgð skóla en þar störfuðu sex starfsmenn til viðbótar við þá kennara sem fylgdu börnum fram í daginn eftir að skóladegi lauk. Aðrir stoðþjónustuaðilar skólans voru fimm sem sáu um

eldhúsið, skólaakstur og annað sem til féll. Hópurinn var samheldinn og sterkur enda valinn einstaklingur í hverju rúmi. Hér fyrir neðan má sjá nöfn og starfsvið starfsfólks skólans eins og staðan var í vor.

Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir	sálfræðingur
Birute Skibickiene	stoðþjónusta
Edda Rósa Gunnarsdóttir	uppeldisfræðingur
Elín Áslaug Ormslev	uppeldisfræðingur, Stuðningur
Evica Malusic Cavic	frístund
Eva Lind Ingadóttir	umsjónarkennari
Fannðís Eva Friðriksdóttir	stuðningur
Fatima Hossani	leiðbeinandi
Gylfi Karl Gíslason	frístund
Heiða Helena Viðarsdóttir	umsjónarkennari
Helga Kristín Hjarðar	umsjónarkennari
Helga Kristjánsdóttir	umsjónarkennari
Hildur Björg Jónsdóttir	umsjónarkennari
Hildur Björk Guðmundsdóttir	umsjónarkennari
Hilmar Örn Þorkelsson	umsjónarkennari
Hrefna Björk Sigvaldadóttir	umsjónarkennari
Hrönn Snorradóttir	skólafreyja
Hrefna Mjöll Þórisdóttir	frístundaskóli
Inga Elínborg Bergþórsdóttir	sálfræðingur
Inga Vala Jónsdóttir	umsjónarkennari
Júlía Heiða Ocares	umsjónarkennari
Kristín Rúnarsdóttir	umsjónarkennari
Lena María Árnadóttir	frístundaskóli
Lovísa Lind Sigurjónsdóttir	meðstjórnandi
Margrét Lilja Guðmundsdóttir	stuðningur
Mary Catherine Kjarnastarf	enskukennari

Migle Fet	stoðþjónusta
Ólöf Björnsdóttir	stuðningur
Páll Halldór Jóhannesson	frístundaskóli
Ragnhildur Ólafsdóttir	skólastýra
Rakel Lúðvíksdóttir	umsjónarkennari
Sif B. Gunnsteinsdóttir	umsjónarkennari/myndmennt
Sigríður Ósk Reynaldsdóttir	kjarnastarf
Sigurbjörg Vilmundardóttir	umsjónarkennari
Sigurjón Ívarsson	matráður
Svava M. Böðvarsdóttir	leiðbeinandi
Sigurlaug J. Stefánsdóttir	umsjónarkennari
Una Sigurlína Rögnvaldsdóttir	sérkennari
Þórður Guðsteinn Pétursson	íþrótt- og sundkennari
Þórunn Þórðardóttir	bs.sálfræði/stuðningur

Almennt

Starfstími nemenda í grunnskólanum skólaárið 2014-15 var frá 25. ágúst 2014 til og með 10. júní 2015 að höfðu samráði við skólaráð Barnaskóla Hjallastefnunnar sem og skólanefnd Garðabæjar. Kennsludagar voru 180 á skóladagatali sem fullnægir kröfu í 28. gr. laga um grunnskóla um fjölda skóladaga svo og kröfum sömu greinar um leyfi og hvíldartíma nemenda.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskólanum er að lágmarki 1200 mínútur á viku eða um 270 mínútur á dag sbr. kennsluskrá (stundaskrá) skólans. Það samsvarar 34 kennslustundum á viku sbr. ákvæði um 1.-4. bekk í 28. gr. laga um grunnskóla 2008. Vikulegur kennslutími 6 til 9 ára barna var 1350 stundir.

Starfsemi grunnskólans; þ.e. markmið námsins, kennsluhættir og starfshættir grunnskóla fylgir að öllu leyti Aðalnámskrá svo og skólanámskrá og starfsáætlun sbr. ákvæði í 24. og 29. gr. laga um grunnskóla. Jafnframt var starfað í anda annarrar greinar sömu laga þar sem áherslan var lögð á samvinnu við heimilin, þar sem starfshættir mótuðust af „umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi“.

Námshópar báru heitið kjarnar og er einn kjarni samsvarandi bekkjardeild. Kynjaskiptir kjarnar voru starfandi stóran hluta skólatímans en að auki voru samskipti og samvinna milli kynjanna skv. Kynjanámskrá. Markvisst er unnið að jákvæðum samskiptum og virðingu kynjanna í garð hvors annars í Kynjanámskránni.

Börnum var boðið upp á málsverði á skólatíma, auk hádegisverðar var framreidd morgunhressing um miðjan morgun. Öllum börnum stóð til boða að fá morgunverð í borðstofu og í Frístundaskólanum var ávallt boðið upp nónhressingu. Í skólanum er fullbúið mötuneytiseldhúsi og er stýrt af matreiðslumeistara. Eldhúsið hefur öll starfsleyfi.

Skólaheilsugæsla var fyrir hendi skv. 41. gr. grunnskólalaga og njótum við þjónustu Heilsugæslu Garðabæjar. Skólahjúkrunarfræðingur sinnti forvarnavinnu með nemendum og kom vikulega í hús. Mikil og góð samvinna er við Heilsugæsluna og skólahjúkrunarfræðing sem auðgar mjög kennslu kjarnanna.

Sjálfsmat skólans eða gæðamat skv. 36. grein grunnskólalaga var með hliðstæðum hætti og sjálfsmat í öðrum leik- og barnaskólum Hjallastefnunnar og fjallað er um í námskrá skólans. Þar er metið með kerfisbundnum hætti bæði árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Að auki sinnir Garðabær eftirliti með skólastarfi, sbr. 5. og 6. gr. sömu laga. Ýmsar skimanir eru lagðar fyrir sbr. Hljóm hjá 5 ára kjörnum, Læsi – lesskimun fyrir 6 og 7 ára börn, Leið til læsis, regluleg raddlestrarpróf sem og aðrar kannanir; barna-, foreldra- og starfsmannakannanir. Þetta skólaár þreyttu nemendur á 9 ára kjörnum samræmd próf eins og lög gera ráð fyrir og var meðaleinkunn í íslensku 5,5 en landsmeðaltalið var 5,8 og meðaleinkunn í stærðfræði var 6,8 en landsmeðaltalið var 6,2.

Skólafreyja skólans er Hrönn Snorradóttir og sér hún um almennan húsrekstur hér á Vífilstöðum. Með henni í stoðþjónustunni voru Sigurjón Ívarsson kokkur, Ómar Örn Pálsson skólabílstjóri og skólafreyr. Á skólaárinu sá hreingerningarfyrirtækið Sólaræsting um þrif á skólahúsnæðinu. Í eldhúsi voru auk Sigurjóns, Jóna Magnúsdóttir og Birute Skibickiene.

Um stjórnun og starfsfólk

Í ár starfaði skólinn á Vífilstöðum í tveimur sjálfstæðum einingum eins og áður hefur komið fram; Barnaskólaeiningu með 5 til 9 ára börn og Vífilsskólaeiningu með 10 til 12 ára börn. Stjórnandi Barnaskólans er Ragnhildur Ólafsdóttir og



meðstjórnandi Lovísa Lind Sigurjónsdóttir. Þær stýrðu bæði leik- og grunnskólastarfi, héldu utan um rekstur Frístundaskólans sem og almennan rekstur skólans og sáu um fag- og kennslustjórnun skólans.

Skólanefnd Barnaskóla Hjallastefnunnar fer með æðsta vald í málefnum skólans samkvæmt Skipulagsskrá. Skólastjóri bar ábyrgð á daglegum rekstri skólans skv. lögum um grunnskóla og ákvæðum Aðalnámskrár um markmið námsins, kennsluhætti og starfshætti grunnskóla. Hann var einnig fulltrúi skólans í öllum málum er vörðuðu venjulegan rekstur og fulltrúi rekstraraðila gagnvart öðrum starfsmönnum. Barnaskólinn uppfyllti kröfur 8. 9. og 10. gr. grunnskólalaga um foreldrafélag og Skólaráð og er afar góð samvinna á milli skólasamfélagsins og foreldrafélagsins. Stjórn foreldrafélagsins kemur að skólaráði skólans.

Skólahúsnæði

Barnaskólinn er staðsettur í tveimur byggingum, norður og vesturhús. Í Norðurhúsi eru 5 ára börn á neðri hæð skólans ásamt setustofu starfsfólks, eldhús sem er fullbúið framleiðslueldhús, borðstofu við eldhúsið, vinnuaðstaða fyrir kennara (gagnasmiðja) og tónlistarstofa. Á efri hæð norðurhúss voru 8 og 9 ára börn, sérkennslurými og aðstaða fyrir skólaheilsugæslu. Fjölnota salur, ásamt bítibúri og gagnageymslu voru einnig á hæðinni. Í Vesturhúsi voru 6 og 7 ára börn, ásamt móttökueldhúsi.

Sundkennsla fór fram í íþróttahúsinu Mýrinni og í Álftaness sundlaug, íþróttakennsla innan húss fór fram í sal í Ásgarði.

Kennsluhættir og starfið

Þróun kennsluhátta hélt áfram og héldu kennarar áfram að þróa kennsluaðferðir miðað við bókalítið nám, þannig að bókastýring verði engin. Bókalaust nám í merkingu þess að börn vinni ekki í hefðbundnar námsbækur heldur í sínar eigin bækur og vinna verkefni oftast á óhefðbundinn hátt í gegnum leik, sem og í bækur sem þau hafa búið til sjálf. Kennarar stýra kennslu og setja alla kennslu fram með fjölbreytilegum aðferðum sem reyna fyrst og fremst á getu hvers nemenda fyrir sig. Opin verkefni þar sem ólíkir einstaklingar geta notið sín á eigin forsendum á mismunandi þyngdarstigi.

Jafnrík áhersla var lögð á Kynjanámsskrá Hjallastefnunnar og Aðalnámskrá grunnskóla. Kynjanámsskrárvinnan hefur verið unnin samkvæmt lotunum okkar sex – sem snúa að því að þjálfa börn í einstaklings og félagslegu samhengi. Ýmis verkefni hafa verið lögð til grundvallar og unnin í samræmi við þær lotur sem á við hverju sinni. Verkefni upp úr „litla Kompás“, og lýðræðislegar umræður hafa verið rauður þráður í skólastarfinu í vetur.

Við erum svo lánssöm að hafa yndislega náttúru sem eykur á gildi útikennslunnar og þá um leið lærum við sögu nærsamfélagsins. Vífilsstaðir búa yfir mikilli náttúrufegurð og sögu sem hægt er að flétta inn í skólastarfið á mjög fjölbreyttan máta. Í vetur var unnið enn frekar að

Þróun kennsluhátta í íslensku og samtvinnum við hér í Barnaskólanum hugmyndir og aðferðir **Byrjendlæsis** við hugmyndafræði **Leið til læsis** sem byggir að mestu á **hljóðaaðferðinni** og einblínir á undirstöðu þætti í lestrarnámi barna og styður við það. Í stað þess að notast við hefðbundnar eyðufyllingabækur útbúa kennarar hlutbundinn efnivið þar sem stuðst er við viðurkenndar kennslubækur. Stöðvavinna er stórhloti að kennsluaðferðum Barnaskólans og reynt er að fylgja eftir hverjum og einum nemanda þar sem hann er staddur í námsferli sínu og styðja við þróun þess. Nemendur vinna einir eða í litlum hópum og er markmiðið að börn nái góðum árangri í lestri og lesskilningi.

„Leikur að læra“ er hugmyndabanki þar sem unnið er að því að vinna að mismunandi námsmarkmiðum án þess að nota kennslubókina. Kennsluaðferðin virkar mjög vel fyrir yngri börn á grunnskólaaldri þar sem hreyfipörfin er mikil, enda sýna rannsóknir að hreyfing hefur áhrif á hæfileikann til að varðveita nýja þekkingu. Kennarar nota kennsluaðferðina „Leikur að læra“ til að brjóta upp kennslu og ná markmiðum nemenda á skemmtilegan og líflegan hátt.

Í opnum vikum er uppbrot á skólastarfinu hjá okkur þar sem boðið var upp á smiðjur. Í vetur voru 8 smiðjur í boði og fór hver og einn árgangur tvisvar sinnum í hverja smiðju yfir veturinn. Hver og ein smiðja er unnin viku í senn. Smiðjurnar sem voru í boði í vetur voru; **heimilisfræði og jóga, textill og tálgun, capueira og spænska, kraftþjálfun og kvikmyndir.**

Öll börn fengu kennslu í spjaldtölvunotkun. Þá festum við í sessi notkun á Numicon stærðfræðiefniviði á öllum kjörnum. Spjaldtölvur voru afar góð viðbót inn í skólastarf Hjallastefnunnar og styður við þá stefnu að vera án bóka. Þessi verkefni munu halda áfram að vaxa innan skólans á næstu misserum.

Heimanám fólst í daglegum heimalestri og að auki fóru verkefni heim til að tengja heimilið við það sem skólinn var að fást við hverju sinni. Á yngstu kjörnunum var lítið sem ekkert heimanám utan lestrarþjálfun enda er það mikið samvinnuverkefni heimilis og skóla.

Sérkennsla og sérstuðningur sbr. 40. gr. laga um grunnskóla var fyrir hendi fyrir börn sem eiga erfitt með nám sökum námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. lög um málefni fatlaðra. Við skólann unnu sérfræðiteymi undir stjórn sálfræðings skólans en það hefur



á að skipa talmeinafræðingi og sérkennara. Sérstakt sérkennslurými er í skólanum fyrir einstaka nemendur vegna stuðnings þeirra. Í vetur voru um 40 börn sem fengu einhvers konar stuðning að jafnaði annars vegar inni á kjarna og hins vegar í einstaklingsaðstæðum.

Eitt af markmiðum vetrarins var að efla stoðþjónustu við börnin. Svanhildur Tinna Ólafsdóttir, sálfræðingur og Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir sáu um sálfræðigreiningar og stýrðu atferlismótun einstakra nemenda. Áslaug Hartmannsdóttir, sérkennari sá um greiningar vegna námsörðugleika og báðar leiðbeindu þær kennurum og foreldrum varðandi kennslu og nám einstakra barna sem og námshópa.

Una Rögnvaldsdóttir sá um sérkennslu 6 til 9 ára barna varðandi lestur, stærðfræði og skrift sem og að leiðbeina kennurum með markvissa málörvun og lestrarþjálfun fyrir 5 og 6 ára börn. Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur lagði fyrir málþroskapróf og leiðbeindi bæði foreldrum og kennurum með úrræði.

Gestakennarar komu að skólastarfinu þetta skólaárið eins og áður. Tveir tónmenntakennarar, þær Hildur Guðný Þórhallsdóttir og Þórdís Heiða Kristjánsdóttir, tóku tónlistarlotur með öllum kjörnum þar sem farið var í takt og kennt á hin ýmsu hljóðfæri og lauk þessum lotum með tónleikum fyrir foreldra sem fóru fram í sal Tónlistarskóla Garðabæjar.

Vettvangsferðir voru stór þáttur í kennslustarfinu og var farið í ýmsar bæjarferðir til nágrannasveitarfélaga og höfuðborgarinnar. Þá voru ólík söfn skoðuð sbr. Hönnunarsafn Íslands, Þjóðminjasafn, Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Minjagarðurinn að Hofsstöðum, Landnámssetrið o.fl. Bókasafn Garðabæjar var mikið heimsótt og má segja að það safn sé okkar bókasafn. Þar fengum við einstaklega notalegt viðmót starfsfólksins og börnin eru mjög dugleg að sækja safnið utan skólatíma með fjölskyldum sínum.

Aðaleinkenni skólans, kynjauppeldið var í hávegum haft og blandað saman við aðra kennslu. Æfingar í aga, sjálfstæði og samskiptum voru viðfangsefni Kynjanámskrár á haustönn og unnu börn ýmis verkefni tengd þessum þáttum. Jákvæðni, vinátta og áræðni voru megin stef vorannar og allt æft með fjölbreytilegum hætti.

Innleiðing á leiðsagnarmati fór í góðan farveg og fengu nemendur vitnisburð í samræmi við það að vori þar sem grunnþættir Aðalnámskrár og Kynjanámskrá Hjallastefnunnar voru samtvinnuð en einnig voru fest í sessi markmið er varða lykilhæfni í



Íslensku og stærðfræði var metin ásamt hæfni á námsviðum út frá áherslum í nýrri Aðalnámskrá.

Á hverjum morgni var sameiginlegur morgunsöngur í hvoru húsi fyrir sig þ.e norðurhúsi og vesturhúsi. Þar kemur allur skólinn saman og syngur í upphafi skóladags og skiptast kjarnar á að velja lög til að syngja saman. Á föstudögum er frjalsara skólastarf hér hjá okkur í Barnaskólanum og eru söngfundir haldnir þá. Þar koma saman árgangar, stúlkur og drengir á sama aldri og njóta samvista undir styrkri stjórn kennara. Föstudagsstundin okkar snýst fyrst og fremst um að eiga notalega, kærleiksríka og gleðilega stund saman í lok hverrar viku – sannkallað föstudagsfjör. Hver og einn kjarni sér um að skipuleggja hvern og einn söngfund og stýra honum með aðstoð kjarnakennara síns. Börnin koma fram hvert fyrir annað með skemmtiatriði, leiki, þrautir og söng.

Foreldrasamstarf

Í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ er mjög öflugt foreldrasamstarf og í foreldrafélagi skólans eru kraftmiklir einstaklingar sem eru virkir í samstarfi við skólann. Foreldrafélagið fer fyrir ýmsum verkefnum í skólanum og býður börnunum upp á skemmtilegar uppákomur og margskonar upplifun.

Desember var annasamur mánuður og þá sá foreldrafélagið um skreytingar á skólahúsinu sem allir gátu notið. Það fer einnig fyrir árlegum jólabasar og bauð foreldrafélagið börnum og fullorðnum upp á kakó og vöffur og börnin seldu m.a. jólakort eftir börn skólans. Allur ágóði rann í sameiginlegan vorferðasjóð barnanna. Börnin fóru þennan laugardag með eplabáta út í skóg að færa fuglunum enda orðið napurt og var dagurinn hinn gleðilegasti. Jólaleiksýning í boði foreldrafélagsins að þessu sinni var Leikrit í tösku með Þórdísi Arnljótsdóttur þar sem hún túlkar íslensku jólasveinana á kostulegan hátt.

Hefð hefur skapast fyrir því að börnin okkar fara í menningarferð fyrir jólin og býður foreldrafélagið upp á rútuferð og hádegisverð í þessum ferðum.

Á jólasöngfundinum er tónlist í hávegum höfð og var hún bæði í boði foreldrafélagsins og skólans. Salurinn okkar var skreyttur og gerður að ævintýraheimi þar sem falleg stund myndaðist með gítarspili og fögrum barnaröddum.

Foreldrafélagið fer einnig fyrir árlegum vorferðum barnanna en þá fara kennarar með börnunum í tveggja náttu ferð víðsvegar um landið. Búið var að skipuleggja metnaðarfullar ferðir dagana 20. til 22. maí sl. og börnin búin að fræðast vel um staðhætti áður en lagt var í hann. Þetta vorið fóru 5 ára börn í Vatnaskóg, 6 ára börn fóru í Vindáshlíð, 7 ára börn fóru að Úlfjótuvatni, 8 ára börn fóru að Eldborg á Mýrum, og 9 ára börn fóru vestur í Sælingsdal og fræddust um slóðir Eiríks rauða. Þessar ferðir eru ávallt í lok áræðnilotu og alveg ómissandi þáttur í skólastarfinu. Vert er að geta þess að kennarar og starfsfólk gefa alla vinnu umfram

dagvinnu í þessum ferðum. Allar ferðirnar tókust með eindæmum vel og voru það stolt börn sem komu heim að loknum ævintýraferðum.

Vorhátíð foreldrafélagsins var svo haldin strax eftir skólaslit föstudaginn 10. júní. Vorhátíðin er heljarinnar uppákoma og þá var boðið upp á hesta, hoppukastala, og aðkeypt skemmtiatriði og allir fengu pylsur og drykki. Vorhátíðin tókst með eindæmum vel og mikil gleði ríkti á torfunni okkar og var veðrið með ágætum.

Foreldrafélagið er einstaklega hliðholtt skólanum okkar og eru foreldrar einstaklega búngóðir og duglegir að aðstoða í hinum ýmsu verkefnum og má þar m.a. nefna að nokkuð var um fjölskylduframlag til skólans í formi afleysinga á kjarna, viðhaldsvinnu í skólanum, fræðslu til barna á kjörnum, vinnustaðaheimsókna, lóðarvinnu, tónlistar og fl. Einstaklega dýrmætt að eiga góða bakhjarla og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Frístundaskólinn

Frístundaskólinn var áfram stýrt af skólastjóra og kennarar og skólastjóri skiptu með sér dögum og störfuðu í frístundaskólanum frá 14:15 – 17:00 ásamt öðru starfsfólki. Allt starf Frístundaskólans fer fram á kjörnum barnanna. Þar sem öryggið er sett í fyrirrúm með því að börn eru á sama stað og skólastarfið fer fram á og kennarar þeirra koma að starfinu. Skilin á milli skóla og Frístundaskóla fara fram með valfundi þar sem börn velja sér leiksvæði fram að nónhressingu. Eftir nónhressingu er skipt upp á leiksvæðum að nýju. Í



Frístundaskólanum komum við til móts við foreldra og sá skólinn um að aka börnum í aðrar frístundir innan Garðabæjar. Þetta hefur gefist einstaklega vel og með þessum akstri myndast ákveðin samfella í skólastarfi og frístundum barna.

Að leiðarlokum

Skólaárið 2014-2015 var í alla staði gott og kraftmikið skólaár. Börnin okkar uxu, döfnuðu, námu heilmikið og unnu marga sigra. Við í skólanum erum óendanlega stolt af og ánægð með hópinn okkar og höldum því ótrauð áfram okkar góða starfi. Í haust urðu skólastjóra

skipti og fylgdu nokkrar starfsmannabreytingar í kjölfarið. Festa hefur verið í starfsmannahópnum, árangur enn og aftur til mikillar fyrirmyndar og niðurstöður sjálfsmats sýna að skólinn er að verða rótgróið samfélag sem er þó ávallt í þróun og tiplar á tánum. Gott samstarf var við skólaskrifstofu Garðabæjar sem og aðrar stofnanir bæjarins, sem er vel. Þróunarstarf á starfsháttum er í föstum skorðum og fagmennska starfsfólks til mikillar fyrirmyndar. Mikil gróska er í öllu starfi skólans og lítum við með gleði og tilhlökkun til framtíðar. Undirrituð þakkar fyrir sitt fyrsta uppbyggingarár. Starfsmannahald var stöðugt þar sem ferskeliki og nýjar sýnir viðhaldast

Garðabæ, ágúst 2015

Ragnhildur Ólafsdóttir

Skólastjóri